

Ed.

15. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á húsnæði fyrir fornmenja- og málverkasafnið.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, hvort hægt væri að geyma fornmenjasafnið og listaverk, sem landið á, í þeim hluta þjóðleikhússins, sem fyrst um sinn þarf ekki að nota vegna leiksýninga, þó að húsið verði fullgert, og leggja áætlun um kostnað, er af þessu leiddi, fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Leikhúsbyggingin er nú komin undir þak og fokheld, en útlit fyrir, að dregið geti um nokkur ár, að hún verði fullgerð. Auk þess er vitað, að byggingin er við vöxt, og að leikhússtjórnin hefir miðað innri gerð hússins við þær kröfur, sem ætla má, að gerðar verði þegar þjóðin er orðin til muna mannfleiri en nú. Í leikhúsbyggingunni er þess vegna húsrúm, sem leikhúsið þarf síðar meir að nota, en engin ástæða til að nota fyrst um sinn vegna leikþarfa.

Á hinn bóginn er landið í mestu vandræðum með húskjól fyrir forngripasafnið og allmörg listaverk, er það hefir eignast. Síðar meir verður vitanlega reist sérstök bygging fyrir þessi söfn, en líkur eru til, að dráttur verði á þeirri framkvæmd, m. a. meðan háskólinn er á döfni.

Forngripasafnið er á efsta lofti í landsbókasafnsbyggingunni, undir trésúð og tréskilrúm milli herbergja. Safnið er þar í mikilli hættu af eldi, og megnið af því verðmæti, sem þar er geymt, er ekki hægt að fá aftur fyrir fé. Þótt til væri. Auk þess er húsrúmið allt of lítið, en þó er eldhættan mesti ágallinn. Málverk landsins eru nú geymd í einu herbergi í Arnarhvoli. Þar er ekki eldhætta, en þar eru þau grafinn fjársjóður.

Tillagan gerir ráð fyrir því, að nokkur herbergi í leikhúsbyggingunni væru fullgerð að innan og sett miðstöð og rafljós í þann hluta hússins, og gert ráð fyrir, að þessi tvö söfn yrðu þar geymd næstu 20—30 árin.